

Fundur svæðisráðs 21. Janúar 2015, haldinn að Miðási, Ásahreppi.

Mætt: Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Snorri Baldursson og Þórður H. Ólafsson. Forföll: Ástvaldur Guðmundsson og Ásvaldur Ævar Þormóðsson

1. **Setning fundar:** Heiða Guðný bauð fólk velkomið á fundinn

2. **Rekstur og framkvæmdir 2015:**

Þórður kynnti drög að rekstraráætlun vestursvæðis fyrir árið 2015. Rekstrarfé þjóðgarðsins hefur heldur dregist saman undanfarin tvö ár vegna sparnaðarkröfu ríkissjóðs á meðan rekstrarumfangið eykst, einkum á fjölförnum stöðum. Rekstur á vestursvæði árið 2014 fór umtalsvert fram úr áætlun vegna ákvörðunar um að taka yfir rekstur Skaftárstofu og viðbótar landvörslu í Hólaskjóli. Í ár þarf því að draga saman miðað við rauntölur 2014, en áætlunin er þó umtalsvert hærri en í fyrra eða 58.400 þúsund krónur. Í þeirri tölu er gert ráð fyrir umtalsvert meiri tekjum af sölu varnings í Skaftárstofu.

Í umræðu kom fram sterk krafa um að bæta í rekstur Skaftárstofu frekar en hitt og stefna að því að hafa hana opna allt árið eins og Skaftafellsstofu og Gömlubúð. Ennfremur að gera þurfi átak í að kynna Kirkjubæjarklaustur og Skaftárstofu meðal ferðamanna, t.d. með áberandi skilti við afleggjarann inn í þorpið. *Ákveðið að beina til stjórnar þjóðgarðsins og sveitarstjórnar að vinna því fylgi að Skaftárstofa verði eyrnamerkt á fjárlögum árið 2016.*

Snorri kynnti framkvæmdáætlun fyrir 2015. Þar eru stærstu liðir 15 mkr. sérframlag til þekkingarseturs/gestastofu á Kirkjubæjarklaustri, 10 mkr. framlag frá Vinum Vatnajökuls til endurnýjunar sýningar í Skaftárstofu og 3 mkr. framlag til að ljúka við áningararaðstöðu fyrir ferðamenn við Langasjó.

3. **Verkefni styrkt af Vinum Vatnajökuls:** Snorri kynnti. Annars vegar er um að ræða styrk að til að endurnýja sýningu í Skaftárstofu þar sem gert er ráð nýrri spjaldasýningu í Litla-sal og gerð gagnvirkra þrívíðra korta af vestursvæði sem komið verður fyrir á snertiskjám með ýmsum upplýsingum og myndefni. Hins vegar er um að ræða styrk til að útbúa upplifunarstíg fyrir börn – krakkastíg – við Skaftárstofu.

4. **Þekkingarsetur:** Þórður kynnti og greindi frá 15 mkr. framlagi úr ríkissjóði til framkvæmda við þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri. Í greinargerð er talað um útboð á árinu en óljóst hvað á að bjóða út því 15 mkr. duga engan vegin fyrir hönnun þekkingarseturs eins og það var útfært í lok árs 2014.

Svæðisráð sammála um að halda áfram að vinna hugmynd Arkis um þekkingarsetur (minnkuð tillaga) fylgi en það er framkvæmd upp á 600–700 mkr. *Snorra falið að gera fyrsta uppkast að minnisblaði um stöðu þessa verkefnis og vilja svæðisráðs varðandi það. Þegar minnisblaðið er fullmótað verður beðið um fund með umhverfisráðherra þar sem fulltrúar svæðisráðs og þjóðgarðs mæta.*

5. **Ráðnings heilsársstarfsmanns á vestursvæði:** Snorri kynnti. Alls bárust 26 umsóknir. Níu umsækjendur voru metnir vel hæfir og teknir í viðtal. Notað var stigakerfi til að flokka umsóknir í

upphafi og eftir viðtöl. Orri Páll Jóhannsson reyndist stigahæstur og var honum í framhaldi boðið starfið.

6. **Fundur heilsársstarfsmanna og stjórnar:** Þórður kynnti dagskrá sameiginlegs fundar starfsmanna Vatnajökulspjóðgarðs og stjórnar sem haldinn verður dagana 28–29. Janúar.

7. **Önnur mál:**

- a. Ólafía benti á að þjóðgarðurinn á vestursvæði er aðeins opinn í skamman tíma yfir sumarmánuðina og að þess vegna sé afar mikilvægt að byggja upp gestastofu á Klaustri en ekki beina öllum framkvæmdum út á svæðin.
- b. Snorri innti eftir áherslum Ásahrepps í málefnum þjóðgarðsins. Ásta Berghildur taldi þörf á betri kynningu á á þjóðgarðinum meðal íbúa og sveitarstjórnarmanna í Ásahreppi. *Fyrir vorið er stefnt að fundi þjóðgarðsvarðar á vestursvæði og framkvæmdastjóra Vatnajökulspjóðgarðs með sveitarstjórn og umhverfisnefnd Ásahrepps.*

Fundi slitið 16:45